

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1983

10. janúar 1983

7

Nr. 3

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar mánudaginn 17. janúar 1983, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 10. janúar 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen.

15. mars 1983

Nr. 4

LÖG

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst
1959, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsl. d-liðar 1. mgr. 13. gr., sbr. lög nr. 15 5. apríl 1974, orðist svo: Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiráðisskrifstofa eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Við 2. mgr. 62. gr. bætist: svo og þeir, sem af trúarástæðum geta ekki sótt kjörfund á kjördegi.

3. gr.

65. gr. orðist svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.